

Aðalfundur Vistbyggðarráðs 2013



Fundargerð:

Tími: Fimmtudaginn, 11. apríl 2013 kl. 15:00

Staður: Kjarvalsstaðir

Þátttakendur: Fulltrúar aðila að Vistbyggðarráði

Fundarritari: Gyða Mjöll Ingólfssdóttir

Dreifing: Fundarmenn / aðilar

Dagsskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Lagt var til að Jón Sigurðsson, Orkuveitu Reykjavíkur, tæki að sér fundarstjórn og Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, EFLU verkfræðistofu, ritaði fundargerð. Þau voru samþykkt af fundarmönnum.

2. Erindi

Erla Sigríður Gestsdóttir, verkfræðingur og sérfræðingur á sviði orkustarfsemi og innviða hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu hélt erindi sem bar titilinn, „Straumar og stefnur í orkumálum Íslands og nágrannaríkja.“ Sköpuðust í kjölfarið umræður um græn skírteini/upprunavottorð. Kynning Erlu verður birt á heimasíðu Vistbyggðarráðs.

3. Skýrsla stjórnar

Páll Gunnlaugsson, stjórnarmaður Vistbyggðarráðs, kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár. Páll sagði frá starfsemi ársins hjá Vistbyggðarráði og ræddi m.a. um fjölda aðila og mikilvægi þess að fjölga þeim. Þá var einkum nefnt að auka þarf nokkuð fjölbreytni, þar sem aðilar eru nú að miklum meirihluta ráðgjafar. Nefndi hann að það vantaði m.a. verktaka og byggingarvöruframleiðendur. Skýrslu stjórnar má lesa á vef Vistbyggðarráðs www.vbr.is.

4. Reikningsskil 2012

Guðmundur Tryggvi Sigurðsson, stjórnarmaður og gjaldkeri Vistbyggðarráðs, kynnti ársreikning fyrir árið 2012. Handbært fé í lok árs var 3.077.402 en eigið fé var 2.478.006. Tekjur voru 5.529.000, en gjöld 5.942.023. Tap félagsins var því kr. 393.636. Handbært fé til rekstar var 652.769.

Guðmundur nefndi að hugsanlegt sé að koma þurfi til afskrifta nokkurra skulda við Vistbyggðarráð en það verði gert á árinu. Mest vegna óinnheimtra aðildargjalda sem munu ekki fást greidd.

Guðmundur vakti sérstaka athygli á athugasemd skoðunarmanns þess efnis að jafnt og þétt er gegnið á eigið fé Vistbyggðarráðs. Tap hefur verið af rekstri félagsins síðastliðin tvö ár, en árið 2011 var kostnaður af reglulegri starfsemi 5% hærri en aðildargjöld og árið 2012 vantar 8% upp á að aðildargjöld standi undir reglulegri starfsemi.

Aðildargjöld hafa verið óbreytt árin 2010 - 2012, en ákveðið hefur verið að bíða með hækkun aðildagjalda að sinni og stefna frekar á fjölgun aðila fyrri hluta árs. Hugsanlegt er að boðað verði til auka aðalfundar síðar á árinu vegna ákvörðunar um hækkun aðildargjalda.

Ársreikningur var borinn upp og samþykktur.

5. Starfsáætlun 2013

Sigríður Björk Jónsdóttir framkvæmdastýra kynnti starfsáætlun ársins 2013 sem þegar hefur verið lögð fyrir stjórn. Helstu atriði eru þessi:

Starfsstöð

Starfsstöð framkvæmdastjóra mun áfram vera staðsett hjá EFLU verkfræðistofu, en samningur hefur verið gerður um 1 ár í viðbót.

Mikilvægustu verkefni næsta starfsárs

Sigríður Björk, gerði grein fyrir því að mikilvægustu verkefni starfsársins sé fjölgun aðildarfélaganna og nefndi í því sambandi „*einn fyrir einn*“, þ.e. einn nýjan félag fyrir hvern núverandi félag. Markmiðið er að fá inn 4-6 nýja félaga árlega.

Á döfinni

Vistbyggðarráð stendur fyrir ráðstefnu þann 16. maí, 2013 í samvinnu við Skipulagsfræðingafélag Íslands, þar sem umfjöllunarefnið verður skipulagsmál (vistvænt skipulag). Unnið er að undirbúningi sem gengur vel og voru fundamenn hvattir til að auglýsa ráðstefnuna og taka daginn frá.

Aðilafundur Vistbyggðarráðs er áætlaður þann 12. september í Reykjavík og haldinn verður opinn fundur þann 31. október.

Verkefni

Sigríður sagði einnig frá ýmsum þeim verkefnum sem eru í gangi sem og fyrirliggjandi verkefnum á síðari hluta árs. Hún nefndi m.a. umsóknir um einstök verkefni í tengslum við norrænt samstarf. En þetta eru t.d. verkefni sem varða samnorrænan gagnagrunn fyrir byggingarefni, vottunarkerfi fyrir vistvænt skipulag, sjálfbærnivísa fyrir byggingar o.fl. Þá sagði hún frá fyrirhugaðri heimsókn fulltrúa frá Lettneska Vistbyggðarráðinu, en VBR er ásamt norska GBC samstarfsaðilar í verkefni sem felst í því að útbúa stutt kynningarmyndbönd um vistvænar byggingar ásamt viðtölum við ýmsa aðila sem koma að stefnumótun á landsvísu.

Þá sagði framkvæmdastýra frá útgáfu bæklinga um vistvænt skipulag sem er verið vinna að í tengslum við ráðstefnuna í maí, en það er í raun afrakstur verkefnis um vistvæn viðmið fyrir skipulag sem unnið er að með tilstyrk frá Umhverfisstofnun.

Einnig sagði hún frá útgáfu skýrslu um vottunarkerfi fyrir byggingar á íslenskum markaði, en skýrslan var kynnt á opnum fundi þann 14. mars og verður innan skamms aðgengilega á vef VBR. Þetta verkefni var einnig unnið á grundvelli styrks frá Umhverfisstofnun.

Áfram verði unnið að því að styrkja norrænt samstarf, og eru norrænu Vistbyggðarráðin að sækja saman um styrk til Norræna Nýsköpunarsjóðsins sem ætti, ef styrkur fæst, að geta fjármagnað það samstarf auk þeirra verkefna sem sótt er um styrki til að vinna.

Í lokin kynnti Sigríður póstkort um sjálfbærar byggingar, sem var eitt af þeim verkefnum sem lögð var áhersla á að vinna í kjölfar stefnumótunarvinnu á árinu 2011-2012. Póstkortinu er einkum ætlað að auka þekkingu almennings á þeim grunnatriðum sem til grundvallar liggja þegar talað er um sjálfbærar eða vistvænar byggingar.

6. Tillögur og breytingar á lögum félagsins

Tvær tillögur frá stjórn voru bornar upp um breytingar á lögum félagsins annars vegar á 9. grein og hins vegar 5. grein, 5. lið.

Í lögum félagsins segir í 9. gr:

Núverandi:

„Stjórn félagsins skal velja löggiltan endurskoðanda (eða endurskoðendafélög) ásamt varamanni til að endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.“

Stjórn leggur til breytingu á 9. greininni sem verði þá:

„Á aðalfundi félagsins skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga til að endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja fyrir aðalfund. Skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.“

Núverandi:

AÐALFUNDUR

5. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins hefur aðalfundur.

Aðalfundur félagsins skal halda fyrir 1. maí ár hvert.

Stjórn félagsins boðar til aðalfundar bréflaga eða með rafpósti með minnst 14 daga fyrirvara.

Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Aðilar skulu skipa einn aðalfundarfulltrúa hver. Heimilt er aðilum að senda áheyrnarfulltrúa á aðalfund enda skulu þeir fyrirfram tilkynntir stjórn félagsins.

Aðilar sem hafa staðið skil á greiðslum félagsgjalda við upphaf aðalfundar hafa heimild til að tilnefna aðalfundarfulltrúa.

Aðalfundarfulltrúar hafa umboð til fullnaðarafgreiðslu þeirra mála sem fyrir aðalfundi liggja, enda hafi þeirra verið getið samkvæmt boðaðri dagskrá aðalfundar.

Atkvæðisréttur aðalfundarfulltrúa veltur á þeim flokki aðila sem félagsgjöld hafa verið greidd fyrir.

Aðalfundi stýrir kjörinn fundarstjóri. Einnig skal kosinn ritari fundarins.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári.
2. Reikningsskil.
3. Tillögur og breytingar á lögum félagsins.
4. Kjör stjórnar.
5. Kjör löggilts endurskoðanda.
6. Önnur mál.

Tillaga um breytingu: (ath. engar breytingar á fyrri hluta 5. greinar)

AÐALFUNDUR

5. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári.
2. Reikningsskil.
3. Tillögur og breytingar á lögum félagsins.
4. Kjör stjórnar.
5. Kjör skoðunarmanna (sbr.9.gr)
6. Önnur mál.

Tillögur að breytingum voru bornar upp í sitt hvoru lagi og samþykktar.

7. Kosning stjórnar

Stjórn Vistbyggðarráðs

Kjósa þurfti þrjú nýja stjórnarmenn, en þrír aðalmenn og einn varamaður sitja nú sitt annað starfsár. Fráfarandi stjórnarmenn gáfu allir kost á sér áfram. Enginn mótframboð voru til stjórnarsetu og voru nýjir stjórnarmenn kosnir einróma. Fundurinn var samþykktur því að ekki færi fram skrifleg kosning þar sem ekki væri um að ræða önnur framboð og að allt frá upphafi hefðu varamenn tekið fullan þátt í starfi stjórnar jafnt á við aðalmenn.

Stjórn Vistbyggðarráðs skipa nú:

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir (kosin til 2 ára)

Guðmundur Tryggvi Sigurðsson (annað starfsár)

Elín Vignisdóttir (annað starfsár)

Páll Gunnlaugsson (annað starfsár)

Helga Jóhanna Bjarnadóttir (kosin til 2 ára)

Varastjórn:

Lena Kadmark (kosin til 2 ára)

Björn Guðbrandsson (annað starfsár)

8. Kosning löggilts endurskoðanda

Í samræmi við breytingar á lögum félagsins voru kosnir tveir skoðunarmenn til eins árs.

Guðrún Ingvarsdóttir

Aldís Norðfjörð

9. Önnur mál

- i. Halldór Eiríksson kom upp undir liðnum önnur mál og sagði frá lokum Vistmenntarverkefnisins sem er endurmenntunarverkefni sem styrkt er af

Leonardo áætluninni, og snýr að undirbúningi kennsluefnis í símenntun um vistvænar áherslur. Halldór bauð fundarmönnum að vera viðstadda móttöku vegna loka Vistmenntarverkefnisins í bókasafni Listaháskóla Íslands 17. apríl næstkomandi kl. 17.

- ii. Fyrirspurn kom vegna fyrirhugaðrar hækkunar aðildagjalda. Ekki kom til hækkunar gjalda árið 2013, en stefnt er að hækkun gjalda fyrir næsta starfsár þar sem almennar kostnaðarhækkunir hafa ekki endurspeglast í aðildargjöldum.
- iii. Komið var inn á fjölgun aðildarféлага og bent á hugsanlega aðila.

Fundi var slitið kl. 16.45.